

Nd.

250. Frumvarp til laga

[93. mál]

um breyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á árinu 1949 skal innheimta:

- A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
- a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aorum af kg í stað 1 eyris.
 - b. Af öllum öðrum vörum með 200% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.
- B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 65% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9 nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, brennt, eða brennt og malað.
—	10 — 1—7,	korn, ómalað.
—	11 — 1—12,	mjöl og grjón.
—	17 — 1—6,	sykur.
—	22 — 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24 — 1—9,	tóbak.
—	25 — 10,	salt.
—	27 — 1—4,	kol.
—	— — 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollahækkana samkvæmt lögum þessum, og er verðlagsyfirvöldum skylt að sjá um, að svo verði ekki gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollahækkunina eða með því að breyta verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki að krónutölu vegna tollhækkunarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.